



INNSETNINGARRÆÐA  
HÖLLU TÓMASDÓTTUR  
Í  
EMBÆTTI FORSETA ÍSLANDS

1. ágúst 2024

Góðir Íslendingar.

Ég stend hér í dag með hjartað fullt af þakklæti fyrir það traust sem mér – og okkur hjónum – hefur verið sýnt og þann stuðning sem við höfum notið um allt land.

Ég er þakklát foreldrum mínum sem gáfu mér gott veganesti út í lífið og þakklát kjarkmiklu konunum sem sýndu mér ungri að aldri að með hugrekki og samtakamætti getum við hreyft við samfélaginu og leitt framfarir.

Ég er þakklát fyrir að hafa fæðst hér á landi – fyrir að fá að vera Íslendingur, sem í dag er öfundsvært hlutskipti, þótt það hafi ekki alltaf verið svo í gegnum aldirnar.

Ég þakka gengnum kynslóðum sem með einmuna seiglu ekki aðeins héldu landinu í byggð heldur sköpuðu einstakan menningararf sem við Íslendingar megum vera afar stolt af.

Ég þakka öllum sem lagt hafa grunninn að því sem við njótum í dag í einu mesta velferðarríki heims.

Mér er ljós sú mikla ábyrgð sem ég tekst á hendur og mun leggja mig alla fram um að vinna landi og þjóð það gagn sem ég má. Ég veit að ég byggi á traustum grunni þeirra sem á undan fóru og minnst með virðingu Sveins Björnssonar, Ásgeirs Ásgeirssonar og Kristjáns Eldjárns. Þá er heiður að mega persónulega þakka Vigdísi Finnbogadóttur, Ólafi Ragnari Grímssyni og Guðna Th. Jóhannessyni fyrir þeirra forsetatíð og framlag í þágu þjóðarinnar.

Nú þegar ég vinn drengskaparheit að íslensku stjórnarskránni eru aðeins áttatíu ár liðin frá stofnun lýðveldisins. Áttatíu ár eru um það bil einn mannsaldur. Hvað hefur áunnist á þessum tíma? Höfum við gengið til góðs, götuna fram eftir veg?

Íslendingar eru þrefalt fleiri nú en þá, og allar aðstæður eru gjörbreyttar: Menntun, efnahagur, heilbrigðisþjónusta, samgöngur, samsetning þjóðar, atvinnulífið, þjóðartekjur. Við, sem vorum ein fátækasta þjóð Norður Evrópu erum nú meðal ríkustu þjóða heims. Það hefur orðið umbylting á einungis áttatíu árum – og því er vert að spyrja á þessum tímamótum, hvert viljum við stefna, já og hvar viljum við vera stödd, bæði í náinni framtíð en jafnvel líka að áttatíu árum liðnum?

Það kom vel í ljós á ferðum okkar hjóna um landið í vor hversu annt Íslendingum er um landið sitt og tungumál og hversu stolt við erum af afrekum okkar og þjóðararfi.

Það var sérstaklega gleðilegt að sjá að nýsköpunarumhverfið hefur tekið stakkaskiptum víða um land. Sjálfbær þróun matvæla skilar fjölbreyttum og gómsætum vörum sem áður fengust bara innfluttar, fullnýting sjávarafurða gerir að verkum að áður verðlaus úrgangur er orðinn að dýrmætri vöru, framþróun í hugbúnaðargerð haslar sér völl án landamæra og í menningartengdri ferðapjónustu virðast tækifærin óþrjótandi.

Við eigum að halda áfram að byggja á styrkleikum okkar, virkja sköpunargáfuna og vanda til verka. Við eigum óhrædd að hvetja kappsfullt hæfileikafólk til dáða og ekki gera lítið úr dýrmætum skóla mistakanna. Sár reynsla getur og hefur styrkt okkur.

Sköpunarkraftur Íslendinga er líklega hvað sterkastur í listum, og þar hefur stjarna bókmenntanna lengi skinið skærast. En nú bætist hver listgreinin við af annarri – tónlist, sjónrænar listir, myndlist, leiklist, sviðslistir og kvikmyndagerð blómstra og sýna hvaða árangurs má vænta ef hlúð er að vaxtarsprotum með menntun og öðrum stuðningi. Það er löngu ljóst að listgreinar auðga ekki aðeins andann, heldur gegna þær mikilvægu hlutverki þjóðhagslega.

Hvert á land sem við hjónin komum voru íþróttavellir og víðast íþróttahús. Íþróttir gegna ómetanlegu hlutverki fyrir heilbrigði einstaklinga og samfélags. Heilbrigð sál í hraustum líkama, segir máltækið. Ekki bara það, því fátt sameinar okkar þjóð eins og þegar afreksfólkið okkar keppir á alþjóðlegum stórmótum. Er skemmst að minnast frábærrar frammistöðu íslenska kvennalandsliðsins í knattspyrnu sem er nú á leið í lokakeppni Evrópumótsins á næsta ári. Og einmitt þessa dagana keppa glæsilegir fulltrúar lands og þjóðar á Ólympíuleikunum í París. Við sendum þeim heillakveðjur! Og við hjónin hlökkum til að fylgja íslenskum keppendum á Ólympíuleika fatlaðra í lok mánaðar.

Við höfum mörgu að fagna en þurfum jafnframt að mæta áskorunum. Það horfir ófriðlega í heiminum og harka færist í samskipti innan þjóða og milli þjóða. Mikilvæg mannréttindi, sem áunnist hafa með langri baráttu, eiga nú undir högg að sækja. Fólki hættir til að skipa sér í skotgrafir – í andstæðar fylkingar. Svo læst er það sumt í afstöðu sinni að það heyrir ekki hvert í öðru. Einn alvarlegasti fylgifiskur þess er að traustið, mikilvægasti grunnur mannlegs samfélags, fer þverrandi.

Um allan hinn vestræna heim hafa yfirvöld, fjármálastofnanir, fyrirtæki, fjölmiðlar og stjórnkerfi misst tiltrú almennings. Þótt flest sinni störfum sínum af heilindum, þá hafa þau, sem ekki reynast traustsins verð, valdið skaða.

Reynsla og rannsóknir sýna að minnkað traust veldur sinnuleysi meðal kjósenda. Fólki, og þá sérstaklega ungu fólki, finnst ekki taka því að kjósa,

finnst að það breyti engu. Það finnur jafnvel ekki tilgang í því að taka þátt í samfélaginu. Sífelld fleiri heillast af málflutningi þeirra sem bjóða einfaldar og oft öfgakenndar lausnir.

Við megum ekki sýna andvaraleysi í þessum efnum og nú bætist það við að tæknin gerir kleift að falska bæði hljóð og mynd – svo nær ómögulegt verður að greina sannar fréttir frá fölsuðum. Hverju og hverjum er þá óhætt að trúá? Hvað verður um traustið? Tækniþróunin verður ekki stöðvuð en grandaleysi á þessu sviði getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir samfélög og þróun lýðræðis.

Mér hefur orðið tíðrætt um andlega og samfélagslega heilsu. Ég get ómögulega aðskilið þetta tvennt, því andleg vanlíðan dregur mátt úr fólki og leggur þungan toll á samfélagið. Því miður fer einmanaleiki vaxandi hjá ungum sem eldri. Margir dvelja lengur í rafheimum en raunheimum. Kvíði, þunglyndi, neysla og sjálfsskaði hafa aukist stórlega á skömmum tíma. Hvernig má það vera að ein hamingjusamasta þjóð í heimi skipi sér jafnframt í fremstu röð hvað þessa ískyggilegu þróun varðar?

Páll Skúlason heimspekingur ritaði eitt sinn:

Getum við þá ekkert gert til að vera hamingjusöm? Öðru nær: við getum verið opin fyrir hamingjunni með því að einbeita okkur að því sem gefur lífinu gildi. Og við vitum hvað það er með því að veita því eftirtekt sem glæðir lífið birtu og hlýju.

Við getum og við verðum að bæta andlega og samfélagslega heilsu. Ég vonast til að leggja mitt af mörkum við að ráðast að rótum vandans í góðri samvinnu við stjórnvöld, fræðimenn, heilbrigðisstarfsfólk, félagasamtök, fjölmiðla og ekki síst kennara og foreldra. Á umbreytingatímum eru samtal og samstarf kynslóða og ólíkra hópa samfélagsins lykillinn að því að hér ríki jafnrétti milli kynslóða og samfélagsleg sátt. Það er því mikilvægt að unga fólkið fái sæti við borðið, fái alvöru aðkomu að því að móta sína framtíð og njóti þar reynslu og vísu eldra fólks.

Á svona tímum er nauðsynlegt að staldra við og íhuga hver við viljum vera, hvert við viljum stefna og hvernig við getum styrkt traust milli manna. Hvert viljum við beina íslenska lýðveldinu næstu 80 árin? Við þurfum að átta okkur á því og stilla okkur af. Því hvert stefnir þjóðarskúta með illa stilltan áttavita og veikan samfélagssáttmála?

Í mínum störfum hef ég farið fyrir nýrri nálgun að úrlausn áskorana og dregið af því lærdóm. Reynslan hefur kennt mér að farsælast er að kalla ólíka saman, spyrja spurninga og hlusta á fjölbreytt sjónarmið. Fá fólk til að greina og skilja vandann og sóknarfærin – og sníða lausnir sameiginlega. Þegar traust er lítið þurfa stjórnvöld, atvinnulífið og samfélagið allt að koma saman með nýjum hætti, vinna saman að framtíðarsýn á sameiginlegum grunni þjóðarinnar. Það er

meira framboð en eftirspurn eftir þeim sem þykjast eiga öll svör, en þjóðin sjálf, ekki síst unga kynslóðin, sættir sig ekki lengur við að fá ekki að svara til um sína framtíð.

Höfum við hugrekki til að fara nýjar leiðir? Getum við, íslenskt samfélag, valið mýktina, talað saman, unnið saman þvert á kynslóðir og ólíkar skoðanir og stillt kompásinn þannig að við villumst síður af leið? Valið samstöðu fremur en sundrunu? Spurt stórra spurninga og leitað svara með þjóðinni? Sú nálgun sem við veljum nú ræður miklu um hvernig íslenska lýðveldinu farnast næstu áttatíu ár. Hvaða veruleiki bíður barna okkar og barnabarna?

Ekkert eitt okkar hefur svörin við þeim fjölbreyttu áskorunum sem við blasa. En ég mun sem forseti hvetja okkur til að spyrja spurninga og eiga uppbyggilegt samtal og samstarf svo móta megi hvert við viljum halda og hvaða grunnstef skuli varða þá vegferð. Þannig trúi ég að við finnum svörin, saman, og getum tekist af íslenskri seiglu og í samheldni á við hverja þá áskorun sem breytt heimsmynd og staða samfélagsins kallar á.

Ég er sannfærð um að Ísland og Íslendingar hafa mikilvægu hlutverki að gegna í heimi í vanda. Ég hef trú á styrkleikum okkar og veit að við getum áfram byggt á þeirri sérstöðu sem við höfum þegar skapað okkur á sviði jafnréttis og jarðvarma, í listum, íþróttum og í lýðræðislegri þróun samfélags sem setur mannréttindi á oddinn. Ég tel styrk okkar ekki síst felast í smæðinni og – í mýktinni. Smá, en kná og kjarkmikil þjóð sem hefur visku og metnað til að velja mýkri leiðir í hörðum heimi. Ég trúi því að við getum valið að vera friðsæl þjóð sem nýtur velsældar og réttir jafnframt hlýja hönd til þeirra sem á þurfa að halda. Þannig getum við verið öðrum góð fyrirmynd og ljós í því myrkri sem víða ríkir.

Kæru landar, það val byrjar hjá hverjum og einum. Hver ætlum við að vera og hvað veljum við að gera á tímum þegar svo margir velja átök og árásir á þá sem ekki eru þeim sammála? Mætum við hvert öðru með opnum hug og hjarta, tilbúin til að hlusta og leggja okkur fram um að skilja ólík sjónarmið, ólíka lífsreynslu og sýn? Sannleikurinn er sá að það að velja að hlusta, að einsetja sér að reyna að skilja hvaðan aðrir koma, krefst kjarks og reynir meira á okkur til skemmri tíma en að loka og fara í vörn. Höfum við kjarkinn sem þarf til að velja mennsku og frið í eigin ranni og mynda þannig jarðveg fyrir samfélag þar sem flestum er fært að blómstra á sínum forsendum? Ég vil að við stefnum þangað. Virkjum getu okkar til að skapa slíkt samfélag, saman, fyrir og með næstu kynslóð. Ég veit að við getum það!

Ísland er einstakt land og við erum skapandi þjóð sem leitar nú svara við mörgum áleitnum spurningum. Ég hlakka til að vinna með ykkur af metnaði að bjartri framtíð okkar lýðveldis og geri ljóð Hólmfríðar Sigurðardóttur, Leitum, að mínum lokaorðum:

Leitum úrræða  
látum hendur og orð  
fallast í faðma

leitum gleðinnar  
í ljóðinu  
finnum frelsið  
í höndunum  
leitum regnbogans  
finnum ljósberann

leitum láns  
finnum það leika um líf  
lands vatns og ljóss.